

Fundargerð

247. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
Þriðjudaginn 23. janúar 2018 kl. 12¹⁵ – 14¹⁵.

Viðstödd:	Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður Bryndís Skúladóttir (BS) Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) (fjarverandi) Guðfinnur Johnsen (GJ) Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) (fjarverandi) Halldór Haraldsson (HH) (vm.HÞH) Lúðvík Gústafsson (LG)	Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari. Gestur: Sigurður Halldórsson, framkv.st. Pure North Recycling
-----------	--	--

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Frumvarp um markaðar tekjur og bundið eigið fé
- (3) Plastumbúðir
- (4) Endurvinnsla á notaðri steikingarolíu og feiti
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([246 fundar](#)).

Samþykkt

GGÞ óskaði eftir að dagskrárlíður nr. 3 í dagskrá yrði tekin fyrir á undan dagskrárlíð nr. 2.

Samþykkt.

2. Frumvarp um markaðar tekjur og bundið eigið fé

Næstu skref varðandi bundið eigið fé Úrvinnslusjóðs.

Lagt var fram á fundinum afrit af tölvupósti frá UAR um málið. Umræðu frestað.

3. Plastumbúðir

Framhaldið var umræðu frá síðasta fundi stjórnar um endurskoðun endurgjalds til þjónustuaðila fyrir plastumbúðir, þ.m.t. heyrulluplast.

Lagt var fram erindi á fundinum frá Pure North Recycling (PNR) sem kynnt var á síðasta fundi. Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri PNR mætti á fundinn og fór yfir stöðu mála hjá sínu fyrirtæki. Sýndi Sigurður glærur og myndbönd með upplýsingum um starfsemi PNR. PNR skoðar þann möguleika að setja upp pellettu vinnslu til að auka sölumöguleika og verðmæti heyrulluplastsins. Stjórn ræddi markaðsaðstæður fyrir endurunnið plast. Einnig var farið yfir greiðslutilhögun Úrvinnslusjóðs á endurgjaldi fyrir meðhöndlun á plastúrgangi. Sigurður yfirlagð fund kl. 13:30. Stjórn ræddi stöðuna. Vandi er á alþjóðlegum mörkuðum með plastúrgang, verð hafa fallið og óvissa er framundan. Vinnsla á heyrulluplasti á Íslandi er því eftirsóknarverð. Það er ljóst að hækka þarf endurgjald til þjónustuaðila við meðhöndlun á plastúrgangi. Stjórn ræddi hlutverk Úrvinnslusjóðs og stjórnvalda er kemur að starfsumhverfi við rekstur

66f. Bl
Bl

LG
BJ

endurvinnslufyrirtækja á Íslandi. ÓK falið að koma með tillögu að hækkuðu endurgjaldi fyrir úrgang frá heyrúlluplasti á næsta fundi.

Blandað plast frá heimilum hefur farið til Swerec í Svíþjóð. Swerec hætti móttöku þess um mitt síðasta ár. Í síðustu viku átti ÓK símasamtal við framkvæmdastjóra Swerec. Í samtalinn kom fram að upphafleg ætlun, um að taka aftur við blönduðu plasti frá Íslandi í upphafi þessa árs, sé breytt vegna vélabilunar sem varð hjá þeim í desember. Umræðu frestað.

4. Endurvinnsla steikingarolíu og feiti

Lagt var fram á ný erindi frá Orkey til stjórnar Úrvinnslusjóðs um úrvinnslugjald matarolíu til að tryggja hagræn skilyrði fyrir söfnun og endurvinnslu á notaðri steikingarolíu. Umræða frestað.

5. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur ákveðinn 6. febrúar 2017.

Fundi slitið kl. 14.15

Lindorik E. Gúlfssson
Johnsen

Gudrun G. Þórssen

Borgarins Glæsilega

Borgardis Gunnlaugsd.